

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1911.

Auglýsing um kirkjugjald í Reykjavíkurdómkirkjusókn, undirskrifuð af ráðherra 27. apríl 1911 (A nr. 8, bls. 16—17).

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 23. maí 1911 (A nr. 9, bls. 18—19).

Opið bréf um að alþingi, sem nú er, skuli leyst upp, undirskrifað af konungi 11. júlí 1911 (A nr. 55, bls. 296—297).

Opið bréf um nýjar kosningar til alþingis, undirskrifað af konungi s. d. (A nr. 56, bls. 298—299).

Auglýsing um samning milli Danmerkur og Bretlands hins mikla um að ríkin skuli veita nauðstöddum sjómönnum hvors annars hjálp í einstökum tilfellum, undirskrifuð af ráðherra 15. september 1911 (A nr. 57, bls. 300—303).

Auglýsing um samning milli Danmerkur og Svíþjóðar og Noregs um að ríkin skuli veita nauðstöddum sjómönnum hvors annars hjálp í einstökum tilfellum, undirskrifuð af ráðherra s. d. (A nr. 58, bls. 304—307).

Auglýsing um bráðabirgðareglugjörð fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af ráðherra 4. október 1911 (A nr. 59, bls. 308—313).

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um flutning þingstaðar. 111
20. sept.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 29. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Hálsahreppi, veitir stjórnarráðið hérmeð samþykki sitt til þess, að þingstaður hreppsins sé fluttur frá Búrfelli að Stóra-Ási, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghalda.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Bréf stjórnarráðsins til biskups um flutning Brúarkirkju á Jökuldal að Eiríksstöðum. 112
27. sept.

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og löglegrí ályktun héraðsfundarins í Norðurmúlaprófastsdæmi skal stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í bréfi, dags. 21. þ. m., og með skirskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, hérmeð veita leyfi til þess, að söfnuðurinn í Brúarsókn á Jökuldal megi færa sóknarkirkju sína á Brú að Eiríksstöðum.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.